

Fundargerð 2. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði fimmtudaginn 27. mars kl 14.00 – 16.00 í fundarsalnum Sölvhólsvör í Innanríkisráðuneytinu Sölvhóls götu 7 Reykjavík.

Viðstaddir: Pétur K. Maack (PKM), Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA), Haraldur Briem (HB), Hildur Reykdal (HR), Jón Pétur Jónsson (JPJ) varamaður Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari.

Dagskrá

1. Dagskrá fundarins
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Flugvirkarmálefni einstakra meðlima/stofnana í flugvirkarráði frá síðasta fundi – ef einhver.
4. Drög að flugvirkaráætlun Íslands (Samgöngustofa)
5. Önnur mál

1. Dagskrá fundarins

Dagskrá samþykkt

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fyrsta fundar var samþykkt án athugasemda.

3. Flugvirkarmálefni einstakra meðlima/stofnana í flugvirkarráði frá síðasta fundi

KG – breytingar Isavia í Keflavík, breyta eigi haftasvæðum, gera þau léttvægari og stækka „airside aera“. Getur valdið Tollstjóra erfiðleikum.

JPJ - fundur hefur verið haldinn með ríkislögreglustjóra vegna þessa máls, áhættumat verið sent til umsagnar Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Tekur undir með KG og telur að löggæslan eigi að koma að breytingum á austursvæði. Hugmynd um þrjú svæði hefur ekki verið samþykkt af Samgöngustofu.

Tollstjóri og lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafa sent Isavia erindi vegna bakgrunnsskoðana og aðgengi ótengdra aðila. Svar hefur ekki borist frá Isavia/SGS.

KG – nefndi skaða sem hættuleg efni (amfetamínbasi) sem farþegar eru með geta valdið. Er erfitt að skima. Fá svör frá Samgöngustofu hvort tekið sé á slíkum málum í viðauka 18 Hættulegur varningur.

KG – fjallað um þjónustu við farþega vegna tapaðra hluta um borð í loftfari og flugstöð (haftasvæði). Er í raun á ábyrgð lögreglu en lögreglan er ekki með sólarhringsvakt og Tollurinn hefur hlaupið í skarðið. Vandinn er að Tollurinn hefur ekki lengur getu til að sinna þessu og hefur sent viðkomandi aðilum tilkynningu um að þjónustunni verði hætt. JPJ taldi

að gera þyrfti greinarmun á töpuðum hlutum og þeim sem yrðu viðskilia við eigandann. Isavia hefur frumkvæði að því að kalla aðila saman og leita eftir lausn.

JPJ - athuga þarf með skil flytjenda á rafrænum farþegalistum, það er krafa lögreglu að fá alla farþegalista flytjenda, flytjendur eru ekki samvinnuþýðir þ.á.m. Germanwings sem segja ekki þurfa að skila þessum upplýsingum. HSS – segir að í næstu viku sé fundur um þessi mál í ráðuneytinu.

HR og ALA - engin sérstök mál komið upp varðandi flugvirkarmál hjá Útlendingastofnun né Matvælastofnun síðan síðast.

HB – segir Keflavíkurflugvöll flókið fyrirbrigði og vinna við innleiðingu á alþjóða heilbrigðisreglugerðinni sé í gangi.

SJG – Þjóðskrá vinnur að innleiðingu s.k. SPOC (Single Point of Contact) kerfis og SAC (Supplemental Access Control). Um er að ræða Schengen kröfur vegna rafrænna vegabréfa sem Ísland hefur ekki uppfyllt.

Hvað er SAC?

Schengenkröfur um nýja aðgangsstýringu að örgjörva rafrænna vegabréfa.

Hvað er SPOC ?

Schengenkröfur um öruggt samskiptakerfi til að veita vegabréfaeftirliti í öðrum löndum heimild til að lesa fingraför sem geymd eru í rafrænum íslenskum vegabréfum. Fylgja þarf sameiginlegri vottunarstefnu Schengenlandanna sem gerir miklar öryggiskröfur til skipulags og búnaðar. Kerfið sjálft þarf að fylgja samskiptareglum sem skilgreindar eru í Tékkneska staðlinum CSN 36 9791. Tengja þarf það við núverandi skilríkjaumsýslukerfi sem verndar fingraför í vegabréfum (CVCA) og innanlandskerfi sem mega lesa fingraför í vegabréfum (handhafa DV og IS skilríkja).

BÓH Helsti vandi sem við er að glíma er aukið flæði ferðamanna einkum utan Schengen (passaskoðum).

Vísbending um að töskusalur sé að springa

Aukin fjöldi í gegnum svæði hjá tolli

Skráning farþega eftir þjóðerni hægir á afgreiðslu ?

Flugvernd – aukning – stærri aðgerðir

þarf að fá stefnu stjórnvalda varðandi afgreiðsluhraða en FS benti á að Isavia kemur vel út í alþjóðlegum samanburði.

Vandi með beinar fjárveitingar ríkisins til Tollstjóra og Lögreglustjóra til að sinna þessum verkefnum í takt við afgreiðslu hraða Isavia, flugrekenda og annarra fyrirtækja á flugvellinum

Flugvirkarráð telur að stefnan og þar með viðmið um afgreiðsluhraða sé að hann lengist ekki gagnvart einstökum farþegum frá því á síðstu þremur árum og formaður riti bréf til ráðherra þar sem þetta kemur fram.

HSS – forsjálni ætti heima í flugvirkjaráætlun, leggja þarf fram þarfagreiningu hjá Isavia, tolli og lögreglu.

HSS – Það verður ECAC FAL fundur í París í lok apríl þar hittast fulltrúar þjóða en einnig fulltrúa hagsmunaaðila, það megi bæta við fulltrúum frá Íslandi ef aðilar vilji senda fulltrúa.

4 – Drög að flugvirkjaráætlun.

HSS kynnti drögin. Framsetningin sem byggir að mestu á Doc 30 líkani ECAC samþykkt og drögin talin nægjanlega ítarlega til að geta verið fyrsta flugvirkjaráætlunin. Ný áætlun verði samþykkt í byrjun árs 2015.

Markmið er að áætlunin verði tekin fyrir og samþykkt á næsta fundi í lok maí. Nauðsynlegt er að athugasemdir berist sem fyrst til HSS Samgöngustofu og þá ekki síst varðandi lög/reglugerðir og síðan flugvirkjarverkefni ársins.

SJG – skoði innleiðingu amendment 23 við viðauka 9 og tilkynni Samgöngustofu. (SPOC/SAC)

KG – skoði innleiðingu amendment 24 við viðauka 9. HSS sendi KG upplýsingar sem metur tillögurnar og lætur Samgöngustofu vita.

HSS - lífsýnaskilríki – ekki ljóst hver gerir hvað, hver ber ábyrgð Ícelandair? Tvö verkefni sem tengjast ECAC. Lífsýnaskilríki og farþegalistar. JPJ - tekur þetta upp á sínum vettvangi

Í flugvirkjaráætlun er ekki gert ráð fyrir nefnd um flugvirkt á KEF eins og er en gott væri að hafa undirnefnd í flugvirkjarráð þar sem ekki þarf að kalla inn alla fulltrúa

5. Önnur mál

HB – stýrihópur um innleiðingu alþjóðlegra heilbrigðis reglna, skilgreinir Keflavíkurflugvöll sem flugvöll sem nota skal á krísutímum. Í stýrihóp eru m.a. fulltrúar Isavia, lögreglu og almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra.

Skýra þarf betur og tilkynna að það sé lögreglan sem ber ábyrgð á og stjórnar aðgerðum (sprengjuleit) ef upp komi sprengihótun og ákveður hverjir eru kallaðir til aðstoðar.

Næsti fundur ákveðin 27. maí.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðherra
Innanríkisráðuneytinu
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 31. mars 2014

Efni. Stefna stjórnvalda varðandi afgreiðsluhraða á Keflavíkurflugvelli

Vísað er til bréfs dagsett 29. nóvember 2013 um skipan flugvirkarráðs. Flugvirkarráð hefur nú þegar haldið tvo fundi. Ljóst er að verkefni eru allnokkur á þessu ári einkum vegna gerðar flugvirkaráætlunar Íslands svo og samhæfingar á afgreiðslu hinna ýmsu opinberu aðila vegna aukins fjölda farþega á Keflavíkurflugvelli.

Á síðasta fundi ráðsins kom til umræðu hver væri stefna stjórnvalda varðandi afgreiðsluhraða hinna ýmsu opinberu aðila á Keflavíkurflugvelli. Flugvirkarráð vill upplýsa ráðherra um að það gengur út frá því í störfum sínum að viðmiðið sé að afgreiðsluhraðinn verði sá sami og hann hefur verið á síðustu 2-3 árum. Það merkir m.a. að tengiflug geti verið með sama hætti og hingað til og ekki myndist meiri biðraðir við vegabréfaskoðun og tollvinnslu en mest hefur verið.

Virðingarfyllt


Pétur K. Maack

formaður flugvirkarráðs